



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð 600
Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Sigurður Ásbjörnsson
Skipulagsstofnun

Akureyri, 13. maí 2024
MÍ202404-0106/ 6.07 / S.G.

Umsögn um matskyldufyrirspurn vegna áforma um líforkuver á Dysnesi, Hörgársveit

Erindi barst gegnum skipulagsgátt þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um matskyldufyrirspurn vegna áforma um líforkuver á Dysnesi, Hörgársveit

Líforkuver ehf. áformar að reisa líforkuver á Dysnesi í Hörgársveit. Framkvæmdin felur í sér uppbyggingu á vinnslu dýraleifa í áhættuflokki 1 og 2. Afurðir eru kjötmjöl og fita sem eru nýtt til orkuframleiðslu.

Fjallað er um fornleifar á bls. 5 og þess getið að engar skráðar minjar séu á fyrirhugaðri lóð fyrir líforkuverið.

Á deiliskipulagssvæðinu eru fornleifar sem fundust sumarið 2017 en höfðu ekki verið skráðar við fornleifaskráningu árið 2016. Þær þarf að rannsaka frekar. Vegna snjóalaga hefur ekki verið hægt að fara í þá vettvangsvinnu sem nauðsynleg er til að staðfesta að um fornleifar sé að ræða og mæla upp staðsetningu minjanna. Sú vinna verður unnin á næstunni. Ef fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan áhrifasvæðis minjanna mun Minjastofnun meta þörfina á mótvægisáðgerðum vegna þeirra, sem þurfa að vinnast áður en sveitarstjórn gefur út byggingarleyfi samkvæmt lögum um menningarminjar en þar segir í 16. gr. um skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda. „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi, [deiliskipulagi eða raflínuskipulagi]. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.“ Í 5. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda segir: „Óheimilt er að veita byggingar- eða framkvæmdaleyfi án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Áður en sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi skal

hún ganga úr skugga um að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hafi farið fram á vettvangi skv. lögum um menningarminjar, sbr. 4. gr. reglna þessara. Liggi ekki fyrir samþykki Minjastofnunar Íslands á skráningarskýrslu og skráningargögnum, eða vafi leikur á hvort fullnægjandi skráning liggi fyrir, skal leitað samráðs við Minjastofnun Íslands sem tekur afstöðu til þess hvort vettvangskönnun nægi til grundvallar leyfisveitingar eða hvort afla þurfi frekari gagna með skráningu á vettvangi.“

Minjastofnun Íslands telur að ofangreinda framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Vegna: Máls nr. 0435/2024, Líforkuver á Dysnesi (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Sveitarstjórn Hörgársveitar fjallaði um erindið á fundi sínum 8. maí 2024.
Eftirfarandi er bókun úr fundargerð:

f) Í lið 8, líforkuver á Dysnesi – tilkynning um ákvörðun til matskyldu – umsagnarbeiðni (2404009)

Skipulagsstofnun óskar umsagnar Hörgársveitar um matskyldufyrirspurn vegna áforma Líforkuvers ehf. um uppbyggingu líforkuvers á Dysnesi. Matskyldufyrirspurnin er unnin af VSÓ raðgjöf í apríl 2024 og er umsagnarfrestur til 14. maí n.k.

Sveitarstjórn telur að framkvæmdin samræmist gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins og deiliskipulagi svæðisins. Sveitarstjórn telur að framkvæmdin, sem eingöngu felur í sér uppbyggingu á vinnslu dýraleifa í áhættuflokki 1 og 2 í lokuðu kerfi, þurfi ekki að undirgangast umhverfismat.

Þetta tilkynnist hér með.

Höfundur: Jakobína Ósk Sveinsdóttir/jakobina@sbe.is

Sent inn þann: 08.05.2024, **Fyrir hönd:** Hörgársveit

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 14. maí 2024
Málsnúmer: 202404-0041
IAS

Efni: Líforkuver á Dysnesi, matskyldufyrirspurn.

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dagsettu 15. apríl 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matskyldufyrirspurn vegna líforkuvers á Dysnesi.

Líforkuver ehf. áformar að reisa líforkuver á Dysnesi í Hörgársveit. Framkvæmdin felur í sér uppbyggingu á vinnslu dýraleifa í áhættuflokki 1 og 2 og eru afurðirnar kjötmjöl og fita sem verða nýtt til orkuframleiðslu. Gert er ráð fyrir að líforkuverið muni taka við 3.000 - 4.000 tonnum af dýraleifum árlega, en vinnslan mun þó geta annað allt að 10.000 tonnum til að taka við álagstoppum. Í matskyldufyrirspurn er gerð grein fyrir framkvæmdinni og framleiðsluferlum, helstu áhrifaþáttum og lagt mat á möguleg umhverfisáhrif.

Helstu áhrif geta verið lyktamengun og næringarefni í frárennsli frá stöðinni. Til að eyða lykt verður útblástur leiddur í gegnum hreinsibúnað með „bio filter“, sem að mestu á að koma í veg fyrir lyktamengun, og frárennsli frá stöðinni verður veitt í skólpmeðhöndlunarstöð á iðnaðarsvæðinu. Í Evrópu eru sett skilyrði varðandi bestu fánlega tækni (BAT) og kröfur í þeim verða viðmið við hönnun versins og á líforkuverið að uppfylla losunarmörk BAT skilyrða.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Tvö verndarsvæði eru í Eyjafirði í næsta nágrenni við fyrirhugað líforkuver. Þetta eru náttúruvættin Hverastrýtur í Eyjafirði og Arnarnesstrýtur. Þá eru Hörgárósar á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar en um þá segir m.a. í náttúruminjaskrá: „Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf.“ Mikilvægt er að gerð verði vöktunaráætlun til að fylgjast með bæði útblæstri og frárennsli frá verinu eftir að það hefur starfsemi til að hægt verði að bregðast strax við ef óæskileg efni berist út í náttúruna til að koma í veg fyrir að þessi svæði spillist.

Að öðru leiti telur Náttúrufræðistofnun að vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og mögulegum umhverfisáhrifum hennar og að ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur





Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

14. maí 2024

Líforkuver á Dysnesi - umsögn um matsskyldufyrirspurn (mál nr. 435/2024)

Þann 15. apríl sl. óskaði Skipulagsstofnun umsagnar Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra um matsskyldufyrirspurn vegna líforkuvers á Dysnesi í Hörgársveit. Matsskyldufyrirspurnin sem hér er til umsagnar er unnin af VSÓ ráðgjöf fyrir Líforkuver ehf., dagsett 12.4.2024.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í byggingu líforkuvers, vinnslustöðvar fyrir dýraleifar í áhættuflokki 1 og 2 á iðnaðarsvæði við Dysnes í Hörgársveit við vestanverðan Eyjafjörð. Hér á landi hafa fram til þessa ekki verið til staðar fullnægandi innviðir til að taka við og vinna dýraleifar í áður nefndum áhættuflokkum. Skortur á innviðum hefur m.a. orðið til þess að dýraleifar hafa verið urðar við misjafnar aðstæður, með hættu á að smitefni berist aftur út í umhverfið, auk þess sem urðun hefur í för með sér losun gróðurhúsalofttegunda á borð við metan. Í júlí 2022 féll dómur í EFTA dómstólum þess efnis að íslensk stjórnvöld hefðu látið hjá líða að uppfylla Evrópureglugerðir um aukafurðir dýra og að meðhöndlun dýraleifa hér á landi væri í ólestri. Í matsskyldufyrirspurninni kemur fram að markmið verkefnisins sé að tryggja að þær kröfur sem Ísland hefur undirgengist með EES samningnum verði uppfylltar.


Gert er ráð fyrir að árlega verði unnin um 3.000 til 4.000 tonn af dýraleifum en vinnslugetan verði allt að 10.000 tonn, þannig geti vinnslan annað álagstoppum sem kunna að koma upp. Fram kemur að hráefni verði flutt til vinnslunnar í lekaheldum gámum að flutningsaðilar skuli hafa tilskilin leyfi til flutnings á aukaafurðum dýra. Einnig kemur fram að öll meðhöndlun hráefnis þ.m.t. losun og þríf flutningabíla fari fram innan dýra. Jafnframt kemur fram að vinnsluferlið, sem er sambærilegt við vinnsluferli í fiskimjölsværsmiðjum, gangi m.a. út það gera möguleg smitefni í hráefninu óvirk. Afurðir líforkuversins verða kjötmjöl og fita sem nýta má sem orkugjafa.

Gera má ráð fyrir því að möguleg umhverfisáhrif frá vinnslunni sjálfri verði lykt frá útblæstri og næringarefni í fráveituvatni. Í matsskyldufyrirspurninni kemur fram útblástursloft verði hreinsað í bio filter og frárennslisvatn verði hreinsað í hreinsistöð. Í starfsleyfi Umhverfisstofnunnar verða væntanlega gerðar kröfur um hreinsun útblásturslofts og frárennslis sem og vöktun þessara þátta.

Að mati Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra er fyrirhugaðri framkvæmd og mögulegum umhverfisáhrifum hennar skilmerkilega lýst í matsskyldufyrirspurninni. Að teknu tilliti til II viðauka laga nr. 111/2021 er það mat Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra að fyrirhuguð framkvæmd kalli ekki á umhverfismat

Virðingarfyllt

F.h. Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
NORÐURLANDS EYSTRÁ

Leifur Þorkelsson
heilbrigðisfulltrúi

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Sauðárkrókur 14.05.2024
Tilvísun: 202405491

Málefni: Líforkuver á Dysnesi nr.0435/2024


Brunavarnasviði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar barst umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun varðandi matskyldufyrirspurn vegna líforkuvers á Dysnesi. Umsögn er gefin í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021.

Brunavarnasvið HMS gerir ekki athugasemdir við matskyldufyrirspurn og telur ekki þörf á gerð umhverfismats.

Engu að síður vill Brunavarnasvið HMS benda á að nauðsynlegt er að framkvæmt sé áhættumat og brunahönnun fyrir mannvirkið í samræmi við 9.2.4 gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Hafa ber í huga að fita sem sem er afurð frá líforkuverinu er eldfimt efni og huga þarf sérstaklega að geymslu, umgengni og því magni sem geymt er á staðnum.

Virðingarfyllst,

f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar


Grétar Þór Þorsteinsson,
Sérfræðingur á Brunavarnasviði

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Selfossi, 22. maí 2024
UST202404-175/K.B.B.
10.05.00

Efni: Umsögn - Matskyldufyrirspurn - Líforkuver á Dysnesi

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 14. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Líforkuver ehf. fyrirhugar uppbyggingu á líforkuveri á Dysnesi í Hörgársveit við vesturströnd Eyjafjarðar. Framkvæmdin felur í sér uppbyggingu á vinnslu dýraleifa í áhættuflokki 1 og 2. Gert er ráð fyrir að líforkuverið muni taka við 3.000 - 4.000 tonnum af dýraleifum árlega, en vinnslan mun þó geta annað allt að 10.000 tonnum til að taka við álagstoppum. Afurðir eru kjötmjöl og fita sem verður nýtt til orkuframleiðslu.

Heildarorkuþörf er metin á um 440 MWh á ári. Vatnsnotkun er um 4.500 m³ á ári og er þá tekið tillit til þess að vatn verði endurnýtt í ferlum eins og kostur er.

Miðað við núverandi hugmyndir að staðsetningu verður líforkuverið á skipulögðu athafnasvæði. Gert er ráð fyrir að byggingar og athafnasvæði verði um 6.000 m² og lóðin er alls 6.700 m². Forhönnun gerir ráð fyrir húsnæði sem nær allt að 1.100 m² að stærð með allt að 5.000 m² malbikuðu athafnasvæði utanhúss.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að koma á fót innviðum sem nauðsynlegir eru til vinnslu á dýraleifum í áhættuflokki 1 og 2. Tryggja að kröfur sem Ísland hefur gengist undir með EES samningnum verði uppfylltar og að vinnsla dýraleifa verði í samræmi við lög og reglur.

Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar bæði á framkvæmda- og rekstrartíma eru taldar vera loftgæði, vatn, loftslag og heilsa og öryggi.

Loftgæði

Samkvæmt matsfyrirspurninni eru helstu áhrif á loftgæði lyktarefni sem fylgja vinnslu á dýraleifum, t.d. ammoníakssambönd.

Framkvæmdasvæðið er í 14 km fjarlægð frá Akureyri en í 3 km fjarlægð frá Hjalteyri. Í 2 km rás frá framkvæmdasvæðinu eru níu bæir en sá næsti stendur í um 500 m fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu.

Í matsfyrirspurninni kemur fram að mögulega megi vænta lyktarmengunar við vinnslu dýraleifa. Útblástur frá vinnslunni verður leiddur í gegnum hreinsibúnað (bio filter), svo að mestu verður komið í veg fyrir lyktarmengun.

Samkvæmt vægiseinkunnum umhverfisþátta er áhrifin á loftgæði metin óveruleg. Framkvæmdin muni lítið breyta loftgæðum og lykt á svæðinu og möguleg áhrif verða staðbundin.

Ríkjandi vindátt á svæðinu er aðallega inn og út fjörðinn, það er til norðurs og suðurs¹. Má því ætla að 5 bæir á svæðinu geti fyrst og fremst orðið fyrir áhrifum lyktarmengunar á svæðinu. Það eru bæirnir Gilsbakki, Litli hvammur, Bakkagerði, Syðri bakki og Búland.

Umhverfisstofnun telur óljóst vera hve mikil lyktarmengun muni fylgja vinnslunni. Ekki komi fram nein mælanleg gögn í matskyldufyrirspurn um styrk loftmengunar frá vinnslunni né að hve miklu leyti hreinsibúnaður mun ná að koma í veg fyrir lyktarmengun. Lykt telst til mengunar sbr. skilgreining 6. mgr. 3. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 á mengun: „Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta“. Ekki er að finna skýra mælikvarða fyrir mörk lyktarmengunar í lögum eins og marga aðra þætti loftmengunar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fylgt verði eftir þeim fyrirátunum sem fram koma í matsfyrirspurn um að útblástur frá vinnslunni verði leiddur í gegnum hreinsibúnað sem taki mið að nýjustu BAT kröfum sem tryggja eigi að lyktarmengun verði óveruleg.

Áhrif á vatn

Dysnes tilheyrir grunnvatnshlotinu Eyjafjörður nr. 102-277-G. Í vatnavefsjá er ekkert skráð álag á vatnshlotið en vakin er athygli á að ástand þess hefur ekki verið metið þ.e. magnstaða og efnafræðilegt ástand. Dysnes liggur einnig við strandsjavarhlotið Eyjafjörður nr.102-1365-C. Skráð er staðbundið álag frá fráveitu og laxeldi á strandsjavarhlotið en vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins hefur ekki verið metið (sjá vatnavefsjá²).

Öll grunnvatnshlot eiga að vera í góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu, strandsjavarhlot eiga að vera í að minnsta kosti góðu líffræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi og það eru hin eiginlegu umhverfismarkmið þeirra.

Í matskyldufyrirspurn er gert ráð fyrir að vatnsnotkun verði um 4.500 m³ /ár, að teknu tilliti til þess að vatn verður að hluta endurnýtt í ferlunum, meta þarf áhrif vatnstöku á magnstöðu grunnvatnshlotsins ásamt samlegðaráhrifum við aðra starfsemi sem fyrirhuguð er á svæðinu.

Í kafla 5.5 um leyfi sem framkvæmdin er háð bendir Umhverfisstofnun á að vatnstaka er leyfisskyld skv. lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu nr. 57/1998.

Í matskyldufyrirspurn kemur fram að frárennsli frá vinnslunni verði fyrst og fremst þéttivatn frá þrýstisæfingu. Vatnið sé þéttur eimur og inniheldur meðal annars köfnunarefnissambönd. Auk þess komi vatn frá hreinsun vélbúnaðar og athafnasvæða sem og frá starfmannaaðstöðu.

Fram kemur að í deiliskipulagi sé þegar búið að taka frá lóð fyrir skolphreinsistöð sem mun taka við frárennsli frá fyrirtækjum á svæðinu. Umhverfisstofnun vekur athygli á að mikilvægt er að fyrirtæki hreinsi frárennsli sitt vel og tryggi þar með að hreinsun í hreinsistöð verði ekki fyrir truflunum auk þess að uppfylla skal ákvæði í I viðauka, C-hluta í reglugerð 798/1999

¹ <https://vindatlas.vedur.is/>

² Veðurstofa Íslands, [Vatnavefsjá](#)

um fráveitur og skólp. Þess má geta að í lögum nr. 9/2009 (14. gr.) getur sveitarfélag innheimt gjald vegna losunar miðað við innrennsli auk þess að innheimta sérstakt aukagjald ef frárennsli er mikið mengað.

Í matsskyldufyrirspurninni er gert ráð fyrir að leggja tvöfalt fráveitukerfi þannig að regnvatn fari í sérstaka lagn út í sjó. Þess þarf þó að gæta að menguðu ofanvatni verði ekki veitt óhreinsuðu út í sjó.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að það skortir mat á áhrifum á vatn þ.e. mati á því hvort að starfsemin/ framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir grunnvatn og strandsjó. Gæðapætti fyrir grunnvatn má finna í töflu 2.3.2 í III. viðauka reglugerðar nr. 535/2011 og reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns. Gæðapætti í strandsjó má finna á vatn.is t.d. undir vöktun.³

Náttúruminjar

Engar náttúruminjar eða verndarsvæði eru á sjálfu framkvæmdarsvæðinu en Hörgárósar eru skilgreindar sem aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá, svæði 506, og eru þeir í um 1,5 km suður af svæðinu. Hörgárósar nr. 506 er lýst sem ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri. Á svæðinu eru tjarnir, flæðimýrar og strandgróður og mikið fuglalíf.

Í nálægð við svæðið eru tvö friðlýst náttúruvætti í Eyjafirði, annars vegar Hverastryta á botni Eyjafjarðar, norður af Arnarnesnöfum (Arnarnesstrýtur), friðlýst sem náttúruvætti með augl. í Stj.tíð.B. nr. 510/2007 og hinsvegar Hverastrytur á botni Eyjafjarðar, friðlýst sem náttúruvætti með augl. í Stj.tíð.B. nr. 249/2001. Sunnar í firðinum eru Krossnessborgir sem er friðlýst svæði.

Skortir frekari upplýsingar um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á fugla- og dýralíf við Hörgárósa.

Vistgerðir og fuglalíf

Í deiliskipulagi er framkvæmdasvæðinu lýst sem grónu og að mestum hluta þýft, með ræktuð tún að hluta, þ.m.t. framræst votlendi. Svæðið er með aflíðandi halla niður að malarströnd.

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skuli stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) er að finna aðrar vistgerðir innan skipulagssvæðisins, m.a. vistgerðin starungsmýravist, starungsflóavist, víðikjarrvist og runnamýravist á láglandi sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Starungsflóavist er til að mynda mjög fágæt vistgerð sem einungis finnst á fáum stöðum á landinu.

³ Umhverfisstofnun 2024: [Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar](#).

Í vistgerðunum getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíkar vistgerðir til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll, spói, heiðlóa, jaðrakan og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna. Telur stofnunin að áhrifin geta verið óveruleg til neikvæð. Áhrifin geti rýrt verndargildi umhverfisþátta og séu í ósamræmi við alþjóðasamninga um verndun vistgerða og fuglalífs.

Efnistaka

Gera má því ráð fyrir framkvæmdir þarfnist jarðvegsskipta á 1- 2 m dýpi eða um 7.000-8.000m³. Í deiliskipulagi kemur fram að gert sé ráð fyrir talsverðri landmótun á svæðinu og að umfram jarðvegsefni verði nýtt til landmótunar innan svæðisins, t.d. í jarðvegsmanir við Bakkaveg, eða við frágang efnisnáma í nágrenninu sem eru fullnýttar. Gert er ráð fyrir að efnistaka verði úr nálægum námum með leyfi. Umhverfisstofnun telur að landmótun þar sem jarðvegsmanir verði byggðar upp sé til þess fallnar að hafa áhrif á landslag og ásýnd svæðisins.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að það skorti upplýsingar um áhrif ofangreindar framkvæmdar á þá gæðapætti vatns sem skilgreindir hafa verið fyrir grunnvatn og strandsjó.

Þá telur Umhverfisstofnun telur óljóst vera hve mikil lyktarmengun muni fylgja vinnslunni og hve langt áhrifa hennar muni gæta út fyrir framkvæmdarsvæðið. Þá vanti umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á vistgerðir og fuglalíf.

Virðingarfyllt

Kristín Björk Birgisdóttir,
sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson,
teymisstjóri

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hvanneyri, 14. maí 2024
Tilvísun: 2404675

Efni: Umsögn um matskyldufyrirspurn vegna áforma um líforkuver á Dysnesi, Hörgársveit

Erindi barst gegnum skipulagsgátt þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Matvælastofnunar um matskyldufyrirspurn vegna áforma um líforkuver á Dysnesi, Hörgársveit Líforkuver ehf. áformar að reisa líforkuver á Dysnesi í Hörgársveit.

Framkvæmdin felur í sér uppbyggingu á vinnslu dýraleifa í áhættuflokki 1 og 2. Afurðir eru kjötmjöl og fita sem eru nýtt til orkuframleiðslu.

Matvælastofnun sem engar athugasemdir varðandi matskyldufyrirspurnina. Við fögnum þessu verkefni sem er mikilvægt skref í uppbyggingu matvælaöryggisinnviða á Íslandi.

Virðingarfyllt,

f.h. Matvælastofnunar



Ulrike Taylor, sérgreinadýralæknir aukaafurða dýra